



FUNDARGERÐ

16. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnésinga bs. kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn á Teams, 10. nóvember 2023 og hófst kl. 8:15.

Mætt voru: Helgi Kjartansson formaður, Gestur Þór Kristjánsson, Kjartan Björnsson, Arna Ír Gunnarsdóttir og Sandra Sigurðardóttir. Þá sátu fundinn Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður héraðsnefndar og Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögfræðingur.

1. Fundarsetning

2. Stjórnskipulag Héraðsnefndar

Á haustfundi Héraðsnefndar sem haldinn var 10. okt sl var samþykkt að gera breytingar á stjórnskipulagi Héraðsnefndar. Fundurinn samþykkti að stofna sér byggðasamlag um Brunavarnir og sér byggðasamlag um Tónlistarskólann og svo eitt byggðasamlag um Héraðsskjalasafnið, Byggðasafnið og Listasafnið. Haustfundur Héraðsnefndar Árnésinga fól framkvæmdastjórn að hefja vinnu við breytingu á stjórnskipulagi héraðsnefndar og leggja fram tillögu á vofundi.

Framkvæmdastjórn fór yfir ákvörðun haustfundar með Steinunni Erlu lögfræðingi. Framkvæmdastjórn samþykkir að setja þessa vinnu af stað með áherslu á að hefja vinnu við að semja samþykktir vegna Brunavarna og Tónlistarskólans. Í kjölfarið verði farið í að semja samþykkir fyrir söfnin.

Framkvæmdastjórn leggur áherslu á að formenn stjórna stofnanna HÁ kynni vel þessar fyrirhugðu breytingar fyrir forstöðumönnum.

3. Næsti fundur

Formaður mun boða næsta fund þegar þörf krefur.

Fundi slitið kl. 9:00

Sandra Sigurðardóttir, ritaði fundargerð

Helgi Kjartansson
Kjartan Björnsson
Gestur Þór Kristjánsson
Arna Ír Gunnarsdóttir
Sandra Sigurðardóttir
Ingibjörg Garðarsdóttir
Steinunn Erla kolbeinsdóttir